



Methicillin ónæmir

Staphylococcus aureus - MÓSA

Það eru ýmis konar sýklar á mannlíkamanum og í umhverfinu. Bakterían *Staphylococcus aureus* er ein af þeim og um þriðji hver maður ber hana án einkenna, þ.e. sem hluta af sinni flóru. Oftast ber fólk bakteríuna í nefi eða á húð en eins og aðrir sýklar getur hún valdið sýkingum ef hún berst í sár eða viðkvæma einstaklinga. Methicillin ónæmir *Staphylococcus aureus*, þ.e. MÓSA, eru stofnar bakteríunnar sem eru ónæmir fyrir hefðbundnum sýklalyfjum og oft öðrum sýklalyfjum að auki. MÓSA getur einnig valdið sýkingum sem eru misalvarlegar, allt frá einföldum húðsýkingum til lífshættulegra blóðsýkinga. Að bera MÓSA bakteríuna án einkenna kallast að vera MÓSA sýklaður.

Meðferð sýkinga af völdum MÓSA

Hægt er að meðhöndla sýkingar af völdum MÓSA með sýklalyfjum en vegna ónæmis er um færri lyf að velja en ella. Það er alltaf læknisfræðilegt mat hvernig sýkingarnar eru meðhöndlaðar. Þó að sýking sé meðhöndluð getur einstaklingur áfram verið MÓSA sýklaður.

Upprætینگarmeðferð

Í sumum tilvikum er reynt að uppræta MÓSA sýklun, einkum ef einstaklingur starfar við eða þarf oft að nota heilbrigðisþjónustu. Upprætینگarmeðferð er langt ferli og er einungis gefin í samráði við smitsjúkdómalækni. Sérstakar leiðbeiningar eru gefnar þeim sem gangast undir upprætینگarmeðferð. Árangur upprætینگarmeðferðar er metinn með sýnatökum sem dreifast yfir 12 mánaða tímabil.

Smitleiðir MÓSA

Bakterían berst með snertingu manna á milli, annað hvort beint með höndum eða með snertingu við mengaða hluti í umhverfi og því er handhreinsun mikilvægasta leiðin til að hindra dreifingu MÓSA.

Allir geta fengið MÓSA en þeir sem eru með skert ónæmiskerfi eða húðkvilla eins og til dæmis exem eru í meiri hættu.

Á Landspítala eru gerðar ráðstafanir til að koma í veg fyrir dreifingu MÓSA

Þegar einstaklingur greinist með MÓSA er sett merking í sjúkraskrá hans. Slík merking gegnir tvíþættum tilgangi, annars vegar að hindra smit til annarra sjúklinga og hins vegar til að hægt sé að beita viðeigandi syklalyfjameðferð strax ef um er að ræða MÓSA sýkingu.

Til að hindra dreifingu MÓSA til annarra sjúklinga er einstaklingur með MÓSA settur í svo kallaða snertismitseinangrun á meðan sjúkrahúsdvöl varir, þ.e. hann er á einbýli með sér salerni og þeir sem koma inn á herbergið eru í hlífðarfatnaði. Í sumum tilvikum þarf að takmarka umgang aðstandenda/gesta um deildina, ef grunur er um að þeir gætu mögulega verið MÓSA berar. Allir þurfa að hreinsa hendur, annað hvort með vatni og sápu eða handspritti, þegar farið er inn og út af herbergi. Mögulega eru tekin ný MÓSA sýni við komu á sjúkrahúsið.

Mikilvægt er að allir sem hafa fengið MÓSA greiningu láti vita af því ef þeir þurfa að nota heilbrigðisþjónustu.

MÓSA og daglegt líf

Að greinast með MÓSA á ekki að hafa mikil áhrif á daglegt líf eða hindra fólk í gera allt sem það er vant að gera. Gott almennt hreinlæti og þrif í umhverfi draga úr líkum á að MÓSA dreifist.

Tíðni ónæmra baktería er vaxandi í samfélaginu og allir geta lagt sitt af mörkum til draga úr dreifingu þeirra manna á milli.

Almennar aðgerðir til að hefta dreifingu ónæmra baktería, þ.m.t. MÓSA:

- Gott líkamlegt hreinlæti og tíð handhreinsun með vatni og sápu eða handspritti.
- Hreinlæti við umhirðu sára. Hylja sár með umbúðum þar til þau eru gróin.
- Ekki deila persónulegum hlutum eins og rakvél og rakáhöldum.

Á heimasíðu Landlæknis er hægt að nálgast frekari upplýsingar um MÓSA: Metisillin ónæmur Staph. aureus (MÓSA).

Algengar spurningar

1. Hvernig veit ég að ég sé með MÓSA?

MÓSA sýklun er einkennalaus og eina leiðin til að greina MÓSA er með sýnatöku.

2. Hvernig veit ég hvort ég er með sýkingu?

Almenn merki um sýkingu eru m.a. hiti, slappleiki og minnkuð matarlyst.

Fimm einkenni til að meta hvort sýking sé í sári:

hiti – roði – gröftur – þroti – verkir

Sértu í vafa, hafðu þá samband við lækni.

3. Stofna ég öðru fólki í hættu?

Það er ekki áhættusamt fyrir hraust fólk (að meðtöldum öldruðum, þunguðum konum og börnum) að umgangast MÓSA bera. MÓSA getur haft alvarlegar afleiðingar fyrir einstaklinga sem eru ónæmisbædir, með langvarandi húðvandamál eða opin sár.

4. Er áhætta við nán samskipti og kynlíf?

Þú þarft ekki að gera breytingar á lífi þínu hvað nán kynni og kynlíf varðar. Við nán samskipti eru vissulega auknar líkur á að MÓSA berist milli einstaklinga en það er ólíklegt að það valdi skaða.

5. Hvað ef ég er þunguð eða með barn á brjósti?

Ef þú ert hraust er engin aukin áhætta þó þú sért með MÓSA. Brjóstgjöf er örugg bæði fyrir þig og barnið. Ef ákveðinna einkenna verður vart þarf þó að hafa samband við ljósmóður eða lækni. Það eru meðal annars einkenni eins og verkir í brjóstum, rauðir blettir eða hnúðar, flensulík einkenni og hiti. Slík einkenni benda til sýkingar í brjóstum sem þarf þó ekki að stafa af MÓSA. Mikilvægt er að láta heilbrigðisstjórsmann vita af MÓSA greiningu svo þú fái rétta meðhöndlun.

6. Má barnið mitt fara í leikskóla/skóla?

Börn með MÓSA mega fara í leikskóla/skóla eins og venjulega. Þér ber ekki skylda til að upplýsa leikskóla/skóla um MÓSA greininguna.

7. Get ég haldið áfram í vinnu og tómstundaiðju?

MÓSA sýklun kemur ekki í veg fyrir að þú iðkir tómstundir (t.d. líkamsrækt eða sund). Þeir sem eru með opin sár ættu að forðast sundferðir og hylja sár með vatnsheldum umbúðum fyrir íþróttaiðkun. Það á við hvort sem einstaklingur er með MÓSA eða ekki. Þú getur yfirleitt haldið áfram þinni vinnu eins og venjulega. Ef þú starfar við heilbrigðisþjónustu þarftu að leita ráða hjá þínum lækni m.t.t. upprætingarmeðferðar.

8. Hvað með gæludýr?

Gæludýr gegna ekki stóru hlutverki í dreifingu MÓSA. Handhreinsun og almennt hreinlæti eiga líka við um umgengni við dýr.

9. Get ég dvalið á hjúkrunarheimili eða á sambýli?

Já, MÓSA greining á ekki að hamla því að þú komist á hjúkrunarheimili eða sambýli. Hver stofnun á að hafa reglur um hvernig umgengni er háttað við þá sem bera ónæmar bakteríur. Handhreinsun og almennt gott hreinlæti er alltaf grunnurinn.

Vinsamlegast athugið að sjúkrahúsið getur ekki borið ábyrgð á peningum eða öðrum verðmætum svo sem símun, tölvum o.fl. sem sjúklingar eða aðstandendur hafa meðferðis.

Athygli er vakin á því að starfsfólk og nemendur sjúkrahússins eru bundin þagnarskyldu og mega því ekki ræða um málefni sjúklinga á deildinni. Við viljum vinsamlegast biðja þig og aðstandendur þína að ræða ekki það sem þið kunnid að verða vitni að eða heyra um aðra sjúklinga.

Landspítali er kennsluspítali og nemendur í heilbrigðisfræðum og tengdum greinum stunda hluta af námi sínu á spítalanum. Nemendur fylgjast með og taka þátt í daglegri meðferð sjúklinga og eru alltaf á ábyrgð og undir handleiðslu leiðbeinenda sinna.